



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til kjörinna sveitarstjórnarmanna,  
framkvæmdastjóra sveitarfélaga og  
landshlutasamtaka


Reykjavík 21. febrúar 2022

2009376SA KB  
Málalykill: 00.06

Efni: **Samráðs- og upplýsingafundur með sveitarstjórnarmönnum til undirbúnings  
stefnumótunarvinnu á landsþingi sambandsins í september 2022**

## I. Inngangur

Við umfjöllun um starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2022 var rætt um mikilvægi þess að fá hugmyndir og ábendingar vegna komandi stefnumótunarvinnu sambandsins frá reyndum sveitarstjórnarmönnum, áður en margir þeirra munu yfirgefa vettvang sveitarstjórnarstigsins í kjölfar næstu sveitarstjórnarkosninga í maí 2022.



Endurnýjun kjörinna fulltrúa hefur verið um 54-58% síðustu þrennar kosningar. Sú þekking á málefnum sveitarfélaga sem hverfur við þessa endurnýjun hefur því augljóslega ekki nýst á fyrsta landsþingi eftir kosningar þar sem stefnumótunarvinnan fer fram. Sambandið vill bregðast við þessu á markvissan hátt eins og skýrt er hér á eftir. Framkvæmdastjóri sambandsins hefur það hlutverk skv. starfsáætluninni að hafa frumkvæði að þessu verkefni og mun framkvæmd þess verða í upphafi í formi samráðs- og upplýsingafunda.

## II. Samráðs- og upplýsingafundir

Í skjali sem nálgast má [á vef sambandsins](#), dags. 17. febrúar 2022, er sýnd sú uppbygging upplýsingaöflunar vegna komandi stefnumótunarvinnu sem notuð verður. Haldnir verða fimm fundir með frjálsri þátttöku sveitarstjórnarmanna og stjórnenda sveitarfélaga, en þó **með sérstakri áherslu og beiðni um að þeir sem búa yfir reynslu og hafa ákveðið að kveðja vettvang sveitarstjórnarmála taki þátt.**

Skjalið skýrir sig í raun sjálft. Búið er að brjóta upp þá kafla sem eru í núverandi stefnumörkun í fleiri efnisliði. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hugsi einhver markmið eða komi með ábendingar sem alltaf yrðu þó skoðaðar með „*gleraugum*“ jafnréttis, loftslagsmála og byggðamála, og þau síðan merkt í ysta dálki með þeim táknum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem eiga við hverju sinni. Hafi markmiðin eða

Ábendingarnar tengingu við einhvern þessara þriggja þátta færast markmiðin í viðkomandi dálk, en einhver lenda í fyrsta dálki hafi þau ekki augljósa tengingu við þá þætti sem eru sérstaklega skilgreindir. Búið er að setja inn markmið og/eða ábendingar sem dæmi um hvernig unnið verður með skjalið. Birting á skjalinu sjálfu verður þó takmörkuð á fundunum en ritara nota það til að flokka þær ábendingar sem koma fram. Ljóst er að ekki verða öll hólf notuð og væntanlega verða stundum mun fleiri hólf í hverjum dálki. Þetta er sett fram á þennan hátt til að búa til víddir í huga þátttakenda sem skipta verulegu máli í allri stefnumörkun, þ.e. jafnrétti, loftslagsmál og byggðamál. Í þessari vinnu verður öllum að vera ljóst að verið er að undirbúa stefnumótunarvinnu á landsþinginu í haust á þann hátt að við viljum draga fram þekkingu og hugmyndir sem e.t.v. munu glatast við næstu sveitarstjórnarkosningar. Þetta er því ekki stefnumótunarvinnan sjálf, heldur upphaf hennar með upplýsingaöflun en þó með sterkri stýringu svo vinnubrögðin verði markviss.

[Hér er hægt að nálgast gildandi stefnumörkun fyrir árin 2018-2022](#), með mati á árangri, sem allir þátttakendur eru hvattir til að kynna sér.

Upplýsingar um efni funda og skráningartenglar við fundina fimm:

**1. Sambandið og samskipti við ríkið – [Teamsfundur 4. mars](#) kl. 08:30-10:00 – [Skráning hér](#)**

- Hlutverk sambandsins
- Samskipti við ríkið
- Tekjustofnar

**2. Velferðarmál fullorðinna – [Teamsfundur 25. mars](#) kl. 08:30-10:00 – [Skráning hér](#)**

- Félagspjónusta
- Húsnæðisstuðningur
- Þjónusta við fatlað fólk
- Þjónusta við aldraða
- Málefni innflytjenda og flóttafólks
- Jafnréttis- og mannréttindamál

**3. Skóla- og velferðarmál barna– [Teamsfundur 1. apríl](#) kl. 08:30-10:00 – [Skráning hér](#)**

- Farsældarþjónusta
- Skólar
- Félagspjónusta
- Barnavernd
- Íþrótt- og tómstundamál
- Forvarnir

**4. Innviðir og umhverfismál– [Teamsfundur 4. apríl](#) kl. 08:30-10:00 – [Skráning hér](#)**

- Umhverfismál
- Úrgangsmál og fráveitur
- Skipulags- og byggingarmál
- Orkumál og auðlindir
- Samgöngur og fjarskipti
- Bygðá-, atvinnu og menningarmál
- Brunamál og almannavarnir

**5. Kjaramál, stafræn mál, nýsköpun og lýðræði– [Teamsfundur 25. apríl](#) kl. 08:30-10:00 – [Skráning hér](#)**

- Kjara- og mannauðsmál
- Stafræn umbreyting og nýsköpun
- Lýðræðismál
- Alþjóðamál

### III. Framkvæmd og úrvinnsla

Þessi fundaröð og efnistökur eru nýjung af hálfu sambandsins. Við reiknum með að læra vel af fyrsta fundi og nýta okkur þann lærdóm á þeim næsta o.s.frv. Í einhverjum tilvikum munum við senda út ítarefni fyrir fundi, en fyrst og fremst er mikilvægt að fundarmenn kynni sér vel gildandi stefnumörkunarpætti í þeim málum sem fjallað verður um á hverjum fundi og leiði hugann að þeim áskorunum sem blasa við sveitarstjórnarstiginu á komandi árum. Takmarkaðar kynningar verða í upphafi hvers fundar því markmiðið er að nýta fundartímann sem mest til samræðna og skoðanaskipta. Ritarar munu taka saman allt sem markvert mun teljast. Þegar fundaröðin er búin verður útbúið skjal sem fær umfjöllun hjá fagnefndum sambandsins með viðeigandi málaflokkum og verður þar kallað eftir viðbótarhugmyndum og leiðsögn. Þegar þessari upplýsingaöflun og vinnslu er lokið er gert ráð fyrir vinnufundi stjórnar sambandsins þar sem allt fyrirliggjandi efni verður rætt og frekari undirbúningsvinna fyrir stefnumótunarvinnuna á landsþinginu verður mörkuð.

Með von um góða þátttöku.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri